

## Kennsluáætlun

### Áfangalýsing

Í áfanganum er fjallað um grunnhugtök hagfræðinnar. Kannaðar verða helstu kenningar, straumar og stefnur innan fræðigreinarinnar og helstu hagfræðilíkön skoðuð.

### Markmið

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar á:

- grundvallarhugtökum hagfræðinnar sem fræðigreinar
- meginviðfangsefni hagfræðinnar
- mismunandi tegundum hagkerfa
- grunneiningum hagkerfisins
- helstu kenningum hagfræðinnar
- skiptingu hagfræðinnar í þjóðhagfræði og rekstrarhagfræði
- þeim stofnunum sem stjórna stýritækjum hagkerfisins

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita algengustu hugtökum hagfræðinnar á skýran hátt
- taka þátt í einföldum umræðum um hagfræðileg málefni
- nýta sér þekkingu sína við lestur á einföldum hagfræðilegum texta
- beita hagfræðilegum grunnhugtökum og þeim orðaforða sem notaður er í hagfræði

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- gera sér grein fyrir grunnatriðum hagkerfisins
- geta tjáð skoðanir sínar á skýran og skilmerkilegan hátt
- gera sér grein fyrir samspili hagfræðinnar í samfélaginu

### Námsgögn

Rekstrarhagfræði fyrir framhaldsskóla. Helgi Gunnarsson

Þjóðhagfræði 103. Inga Jóna Jónsdóttir

Ýmis verkefni frá kennara

## Skipulag áfangans

Í þessum áfanga verður skipulag og vinna í anda leiðsagnarmats (formative assessment) og verður áhersla lögð á ábyrgð nemanda á framvindu eigin náms. Ýmis verkefni verða lögð fyrir í tengslum við námsefnið. Hefðbundnar einkunnir eru ekki gefnar á önninni en nemendur fá endurgjafir í formi umsagna. Umsagnir falla í þrjú flokka:

Stenst ekki lágmarkskröfur – nemandi þarf að taka sig verulega á

Kominn áleiðis - nemandi þarf að betrubæta verkefnið.

Gengur vel - undir nemanda komið hvort hann vinnur meira með verkefnið.

Endurgjöf á að endurspegla stöðu nemanda og nemandi og á ekki að velkjast í vafa um framvindu náms.

Nemandi ber sjálfur ábyrgð á því að fylgjast með framvindu í áfanganum.

## Námsmat

Á önninni verða lögð fyrir þrjú lotupróf og er miðað við eftirfarandi dagsetningar:

Lotupróf 1 verður lagt fyrir 1. október.

Lotupróf 2 verður lagt fyrir 5. nóvember.

Lotupróf 3 verður lagt fyrir 6. desember.

Skyldumæting er í öll lotuprófin. Til að standast áfangann þarf nemandi að fá að lágmarki 5 í meðaleinkunn í prófunum þrem. Hvert lotupróf er 1/3 af námsmati.

## Sérreglur áfangans

Nemandi sem kemst ekki í próf vegna **veikinda** (V eða W í kladda) eða er með **leyfi frá skóla** (L í kladda) gefst kostur á að taka (sjúkra)próf í lok annar og gilda reglur skólans um sjúkrapróf í þem tilvikum. Mæti nemandi ekki í próf fær hann einkunnina 0. Nemandi sem mætir í próf en skilar ekki lausnum fær einkunnina 0.

## Kennari

Þórey Hilmarsdóttir [tho@fsu.is](mailto:tho@fsu.is)

Áætlun þessi er gerð með fyrirvara um breytingar.